

346. fundur Skólanefndar FS

19. september 2018



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Ísak Ernir Kristinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Jónína Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Jón Ragnar Magnússon og Bjarnfríður Bjarnadóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskráar.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns.
2. Upphof annar.
3. Staða fjármála, fjárlagafrumvarpið.
4. Félagsrými nemenda.
5. Önnur mál.

1. Kosning formanns og varaformanns.

Formaður og varaformaður skólanefndar kosnir. Lagt til að Böðvar Jónsson verði formaður nefndarinnar og Jónína Magnúsdóttir verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. Upphof annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og breytingum á starfsliði. Nemendur í dagskóla eru um 900 sem er heldur færra en undanfarnar haustannir. Nýnemar eru 229 sem er um 75% árgangssins. Það er lægra hlutfall en undanfarin ár en í fyrra var hlutfallið um 82% og lýstu nefndarmenn áhyggjum sínum af þessari þróun og þótti ástæða til að skoða þetta nánar. Um 160 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum en nemendur í 9. bekk geta nú tekið verklega áfanga. Búið er að taka upp flokkun á sorpi í skólanum. Verið er að vinna að því að taka upp skjalavistunarkerfið GoPro. Þema annarinnar er líðan starfsmanna og hefur þegar verið haldinn fyrirlestur fyrir starfsmenn um kulnun í starfi. Búið er að semja um áframhaldandi þjónustu sálfræðinga við nemendur.

3. Staða fjármála, fjárlagafrumvarpið.

Skólameistari kynnti fjármál skólans og fjármálafrumvarp. Í frumvarpinu fær skólinn um 1,6 milljónir á hvern nemanda sem er lægra en hjá sambærilegum skólum eins og undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir að sértekjur hækki sem erfitt verður fyrir skólann að mæta enda er búið að afnema efnisgjöld. Búið er að gera athugasemd við þessa breytingu og er málið í skoðun í ráðuneyti.

4. Félagsrými nemenda.

Rætt um stöðu mála varðandi fyrirhugaða viðbyggingu með félagsrými fyrir nemendur. Málið er nú í skoðun hjá skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar í menntamálaráðuneyti.

5. Önnur mál.

- a) Formaður NFS sagði frá starfi nemendafélagsins á önninni en félagið setur upp leikrit á haustönn í fyrsta sinn. Á nýnemaballi var metfjöldi sem tók þátt í edrúpottinum.
- b) Rætt um stöðu mála varðandi persónuverndarmál og jafnlaunavottun.


Fleira ekki gert og fundi slitið.




Böðvar Jónsson
Böðvar Jónsson, formaður



Jóhann Friðrik Friðriksson



Jónína Magnúsdóttir




Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson



Isak Ernir Kristinsson



Bjarnfríður Bjarnadóttir

Jón Ragnar Magnússon



Jón R. Guðmann Kristþórsson, fundarritari